

## Forspil

Smávinir fagrir  
Jón Nordal

### Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphéðin mín.

Hljóma skal harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Lowell Mason

Sarah F. Adams.

Matthías Jochumsson

### Ritningarlestur

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn,  
því nú er nótt, og harla langt er heim.  
Ó, hjálpin mín,  
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,  
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú  
og hennar ljós?  
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú  
er burt mitt hrós.  
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,  
uns fárað öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báurur, brim og voðasker.  
Nú birtir senn.

Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá, sem barn ég þekkti fyr.

Charles H. Purday

J.H. Newman / Matthías Jochumson

## Ritningarlestur

Ég krýp og faðma fótiskör þína  
frelsari minn á bænarstund.  
Ég legg sem barnið bresti mína  
bróðir í þína líknarmund.  
Ég hafna auðs og hefðar völdum,  
hyl mig í þínum kærleiks öldum.

Bortmiansky

Guðmundur Geirdal

## Guðspjall

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,  
hnígur að ægi gullið röðulblys,  
vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,  
og báran kveður vögguljóð við fjarðar strönd.

Ég er þreyttur, ég er þreyttur,  
og ég þrái svefnisins frá.  
Kom draumanótt með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefminn, ljúfi blær,  
sorgmæddu hjarta' er hvíldin jafnan vær.  
Draumgyðjan ljúfa, ljá mér vinarhönd  
og leið mig um þín töfraglæstu friðarlönd.

Ég er þreyttur, ég er þreyttur,  
og ég þrái svefnisins frá.  
Kom draumanótt með fangið fullt af friði og ró.

Stephen C. Foster

Jón Jónsson frá Ljárskógum

## Minningarorð

Nú sefur jörðin sumargræn.  
Nú sér hún rætast hverja bæn  
og dregur andann djúpt og rótt  
um draumabláa júlínótt.

Við yztu hafsbrún sefur sól  
og sofið er í hverjum hól.  
Í sefi blunda svanabörn  
og silungur í læk og tjörn.

Á túni sefur bóndabær  
og bjarma' á þil og glugga slær.  
Við móðurbrjóstin börnin fá  
þá beztu gjöf, sem lífið á.

Og áin líður lygn og tær,  
og lindin sefur perluskær.  
Í dvala hníga djúpin hljóð  
og dreymir öll sín týndu ljóð.

Í hafi speglast himinn blár.  
Sinn himin á hvert daggartár.  
Í hverju blómi sefur sál,  
hvert sandkorn á sitt leyndarmál.

Nú dreymir allt um dýrð og frið  
við dagsins þögla sálarhlið.  
Og allt er kyrrt um fjöll og fjörð  
og friður drottins yfir jörð.

*Þorvaldur Blöndal  
Davíð Stefánsson*

## Bæn - Faðir vor

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannglegt endar skjótt.

## Moldun

Ég lífi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.  
*Hallgrímur Pétursson*

## Blessun

### Útgöngulag

Líttu sérhvert sólarlag

*Bragi Valdimar Skúlason*

*Séra Magnús Magnússon jarðsyngur*

*Organisti: Viðar Guðmundsson*

*Kór: Karlar úr kór Hólmavíkurkirkju*

*Umsjón útfarar: Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda*

*Aðstandendur þakka samúð og hlýhug  
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar  
í Félagsheimili Hvammstanga  
að athöfn lokinni*

*Jarðsett verður í Prestbakkakirkjugarði*



## Sigfríður Jónsdóttir frá Skálholtsvík

Fædd 14. ágúst 1926

Dáin 2. júní 2022



Útför frá Hvammstangakirkju  
fimmtudaginn 16. júní 2022